



# FRÍSTUNDAHEIMILI

Fyrir 6-9 ára börn (1.-4. bekkur)

## Hvað er gert á frístundaheimilum?

- Frístundaheimili eru með fjölbreytta dagskrá sem einkennist jafnt af skipulögðum sem og frjálsum leik. Leitast er við að bjóða upp á skemmtileg viðfangsefni sem veita börnunum útrás fyrir leik- og sköpunarþörf þeirra.
- Innra starf frístundaheimilanna, svo sem dagskrá, viðfangsefni og samstarf við utanaðkomandi aðila fer eftir aðstæðum á hverjum starfsstað. Frístundaheimilin taka víða þátt í hverfasamstarfi, svo sem við íþróttafélög, til að auka á fjölbreytni í starfsemi.
- Barnið þitt lærir íslensku í gegnum leik og starf með jafnöldrum.
- Barnið þitt kynnist jafnöldrum sínum.
- Barnið þitt tekur þátt í og kynnist íslensku barnamenningu.
- Foreldrar láta frístundaheimilið vita hvenær barnið á að fara heim, hvort það verði sótt eða hvort það megi fara sjálf heim. Einnig er hægt að láta frístundaheimilið vita ef barnið á að fara beint í eitthvað annað frístundastarf, s.s. íþróttir, tónlistartíma eða skólahljómsveitaræfingar. Í sumum tilfellum er boðið upp á rútu á íþróttacefingar hverfisíþróttafélaganna.



## Um frístundaheimili

- Starfsemin fer fram eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur og til kl. 17:00 alla virka daga.
- Á frídögum, í jólafríi, páskafríi og einnig á starfsdögum kennara og samstarfsdögum skóla og foreldra stendur þjónusta frístundaheimilis til boða fyrir börn sem þar eru skráð gegn ákveðnu gjaldi á dag fyrir utan hefðbundinn opnunartíma.
- Óskað er sérstaklega eftir skráningu fyrir þá daga á hverjum stað fyrir sig.
- Frístundaheimilin eru lokuð í vetrarfríum grunnskólanna.
- Frístundaheimilin bjóða einnig upp á þjónustu á sumrin þar sem börn eru skráð á vikunámskeið í senn. Sumarnámskeiðin eru starfrækt frá 8:30-16:30 og



ferðast börnin þá um borgina og heimsækja meðal annars sundlaugar, söfn, almenningsgarða og fleira. Sumarstarfið stendur í 6-7 vikur á meðan grunnskólum er lokað yfir sumartímann.

## Hvernig er sótt um þjónustuna?

- Skráning fyrir komandi skólaár hefst í febrúar. Sótt er um í gegnum [Mínar síður hjá Reykjavíkurborg](#). Staðfesting á innritun berst til foreldra í ágúst. Allar breytingar á skráningum skal tilkynna til forstöðumanns frístundaheimilisins í gegnum Völu frístund.
- Ef foreldrar geta ekki nýtt sér rafræna innritun geta þeir leitað til frístundamiðstöðva í hverfunum og fengið aðstoð við skráningu. Ekki er hægt að skrá börn á frístundaheimili símleiðis.
- Umsókn gildir eitt skólaár í senn (ágúst-júní). Ef þjónusta er sagt upp, eða óskað er eftir breytingum, skal það gert fyrir 15. hvers mánaðar og tekur uppsögnin gildi um næstu mánaðamót. Hægt er að segja upp þjónustunni á Völu frístund.



## Hvað kostar að vera á frístundaheimili?

- Hér má finna gjaldskrá frístundaheimila: <http://reykjavik.is/gjaldskrar/fristundaheimili-gjaldskra>
- Gjald fyrir frístundaheimili er háð dagafjölda vistunar.
- Umframbjónusta er innheimt sérstaklega.
- Ef systkini, tvö eða fleiri, dvelja á frístundaheimili eða í sértækum félagsmiðstöðvum skóla- og frístundasviðs eða eru í vistun í leikskólum borgarinnar er veittur 100% systkinaafsláttur af dvalargjaldi eldra systkinis/eldri systkina. Í þeim tilvikum er miðað við sama fjölda daga/stunda og hjá yngra/yngsta barni. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngsta barns. Það sama gildir ef skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna systkinis/systkina í sjálfstætt reknum leikskóla eða til dagforeldris eða greitt er framlag til sjálfstætt rekens grunnskóla vegna reksturs frístundaheimilis samkvæmt samningi þar um. Foreldrar greiða mest fæðisgjöld fyrir 2 börn, þvert á skólastig, greitt er fyrir þau yngstu fyrst en eldri njóta afsláttar. Greitt er fullt gjald vegna skráningar á langa daga.
- Foreldrar geta skráð börnin í síðdegishressingu á frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum en þar fá börn fjölbreytta og næringarríka hressingu eins og brauð með fjölbreyttu álegg, jógúrt, ávexti og grænmeti á hverjum degi.
- Börn á aldrinum 6-18 ára með lögheimili í Reykjavík fá úthlutað styrk árlega, svokallaður Frístundastyrkur. Foreldrar geta ráðstafað þessum styrk til niðurgreiðslu á gjaldi í frístundaheimili og/eða í annað frístundastarf. Sjá nánar hér: <https://reykjavik.is/fristundakortid>

## Áherslur

**Að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.**

**Að þroska félagslega færni í gegnum leik og starf.**



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið